

**3. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2008-2009,  
haldinn í fundaraðstöðu að Garðarsbraut 5 á Húsavík, 10. júlí 2008, kl.13:00.

Mættir: Formaður, Björn Ingimarsson setti fund og stjórnaði honum, Birna Björnsdóttir, Sigurgeir Höskuldsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Pétur Snæbjörnsson og Guðmundur Guðmundsson.

Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson sem ritaði fundargerð.

#### 1. Staðfesting fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Vaxtarsamningur Norðausturlands

- **Framgangur verkefna sbr. bókun á síðasta fundi**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu við umsóknir frá síðasta fundi og rædd var staða einstakra verkefnisumsókna. Nokkrum verkefnum var hafnað, afgreiðslu annarra var frestað með ósk um breytta útfærslu og verið er að vinna í að koma einhverjum verkefnum inn í samstarf t.d. undir merkjum GEBRIS og Þingeynska matarþúrsins. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni var falið að svara spurningum og athugasemdum sem borist hafa vegna afgreiðslu einstakra umsókna.

- **Samstarf við ÞP og RHA vegna rannsóknarvinnu**

Framkvæmdastjóri fór yfir þau gögn sem verið er að tala um að safna í tengslum við verkefnið og könnun á þeim gögnum sem þegar eru til eða aðrir aðilar safna. Greindi frá fundi með ÞP og RHA, en RHA mun safna gögnum vegna umhverfismats fyrir álver á Bakka. Þekkingarsetrið er með starfsmann sem ætlunin er að geri viðhorfskönnun í sumar. Hugmyndin er að samræma og samnýta þessa vinnu og tóku allir aðilar vel í það.

- **Staða fjármögnunar**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Búið að ganga frá samningum við flest sveitarfélögin vegna 40% (vantar 2 samninga). Framkvæmdastjóri er að undirbúa nálgun við fyrirtækin. Fjármagn til nýrra verkefni er 4 milljónir skv. raunstöðu fjármögnunar.

#### 3. Rekstraráætlun AP 2008

Framkvæmdastjóri fór yfir og skírði einstaka liði í rekstraráætlun ársins. Nokkur umræða varð um fjármögnun einstakra verkefna og tímaramma og hlutverk AP í þeim. Gert er ráð fyrir að fyrir að á næsta fundi verði lagt fram rekstraryfirlit fyrra hluta ársins.

#### 4. Skýrsla og tillögur Norðausturnefndar

[http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla\\_Nordurland-eystra\\_Austurland.lok.pdf](http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_Nordurland-eystra_Austurland.lok.pdf)

Björn ræddi stuttlega starf nefndarinnar og hvatti til þess að félagið nýtti sér útkomuna og setti sér áherslur í útfærslu. Nokkur umræða varð um væntanlega nýsköpunarmiðstöð. Fundarmenn sammála um að hefjast strax handa við útfærslu og vinnu samkvæmt tillögnum sem fram hefur komið að nefndin muni tryggja að verði fjármagnaðar. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni er falið að fylgja málinu eftir.

## 5. Önnur mál

- Nokkur umræða varð um samstarfsvettvang eða klasa fyrir safnastarfsemi á svæðinu. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að koma á slíkum klasa.
- Rætt var um húsnaðismál í tengslum við fjölgun starfsmanna, samstarf við Þekkingarsetrið og tilkomu Nýsköpunarmiðstöðvar. Framkvæmdastjóri fór yfir þá möguleika sem nú eru í athugun varðandi 2.hæð á Garðarsbraut 5 og endurskipulag í húsinu. Unnið verður að úrlausn málsins í sumar.
- Rætt var um að gera meira af því að dreifa stjórnarfundum um svæðið og funda þá um leið með sveitarstjórnarmönnum. Einnig var umræða um birtingu fundargerða á vefsíðu án þess að ákvörðun væri tekin.
- Ákveðið að næsti fundur verði seinni hluta ágústmánaðar, staðsetning ákveðin síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00